

Borgarstjórnarfundur 7. desember 2021

Ræða Ellen Calmon borgarfulltrúa Samfylkingarinnar undir lið 1. og 2. á borgarstjórnarfundum þriðjudaginn 7. desember 2021.

1. Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 ásamt greinargerð fjármála- og áhættustýringarviðs, síðari umræða, sbr. 2. lið fundargerðar borgarráðs frá 29. október
2. Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2022-2026, síðari umræða, sbr. 3. lið fundargerðar borgarráðs frá 29. október

Forseti, ágæta borgarstjórn og aðrir áheyrendur.

Þetta er síðasta fjárhagsáætlun þessa kjörtímabils sem senn rennur sitt skeið. Ég er þakklát og mjög vel meðvituð um þau forréttindi sem ég nýt að fá að sinna þessu starfi sem borgarfulltrúi. Ég kom inn í fullt starf borgarfulltrúa síðsumars árið 2020 – eða í fyrra – í miðri COVID krísu og hef verið borgarfulltrúinn...nánast bara á netinu síðan. Svolfíð skrytið.

Starfið er öðruvísi í þeim kringumstæðum eins og gefur að skilja – eflaust að einhverju leyti flóknara, en ég þekki nú svo sem ekki annað – ég er kannski COVID-barnið í þessum hópi – og því hafa fylgt fordæmalaugar áskoranir. Svo ég noti þetta fína orð „fordæmalaugar“ sem hefur einkennt svo margt sem upp hefur komið á þessu síðasta ári.

En starf borgarfulltrúans hefur mest verið skemmtilegt, krefjandi en skemmtilegt og það sem hefur verið skemmtilegast er að uppskera, að sjá hvert við höfum náð, að sjá raunverulegan árangur í þjónustu við borgarbúa, stóra sem smáa. Þá efast ég ekki um að starfið verði enn skemmtilegra á næsta kjörtímabili fái ég umboð til að sinna því.

Í dag er uppskeruhátíð – starfsins – í dag leggjum við fram fjárhagsáætlun sem tekur mið af því sem gert hefur verið og því sem við ætlum að koma í verk á næstu mánuðum. En ekki bara næstu mánuðum heldur erum við með skýra sýn á framtíð borgarinnar og leggjum því fram áætlun til næstu 5 ára og lýsum okkur hér með reiðubúin til að takast á við þau krefjandi verkefni sem við höfum nú þegar sáð fræjum fyrir og hafa verið til umræðu hér í dag. Ég er stolt af þeim verkum sem hér hefur verið farið yfir en þau hefðu aldrei verið jafn áhrifamikil ef samstarf okkar sem skipum meirihlutann í borgarstjórn hefði ekki verið jafn gott og raun ber vitni. Fyrir það þakka ég.

Áratugur Reykjavíkur er hafinn sagði borgarstjóri í ræðu sinni fyrr á fundinum hér í dag. Fólksfjöldun hefur verið mikil í Reykjavík og íbúðauppbygging í fullum gangi en um 10.000 íbúðir eru á plani. Svo erum við með hið frábæra Græna plan – græna sóknaráætlun.

En hér í dag hafa einnig verið lagðar fram ígrundaðar breytingatillögur á milli umræðna af hálfu meirihlutans í borgarstjórn þar sem tillit var tekið til nýrrar þjóðhagsspár sem birtist okkur í nóvember og margar þeirra jákvæðar eins og borgarstjóri fór yfir í ræðu sinni. Við fylgjumst vel með, við erum sifjallt að endurskoða og reiðubúin að gera betur ef tækifæri gefast eins og nú eftir nýja þjóðhagsspá.

Reykjavík er mitt heimili!

Og ég vil að Reykjavík verði vinningshafi í samkeppninni – besta borgin til að búa í. Ein stærsta áskorunin okkar er að halda unga fólkinu okkar búsettu í Reykjavík þannig að við missum það ekki til útlanda. Það er á okkar ábyrgð að byggja þannig umgjörð, borgarumhverfi og þjónustu sem stuðlar að því ungt fólk vilji búa hér og starfa. Að það laðist að því sem borgin hefur upp á að bjóða, líði vel og vilji gera Reykjavíkurborg að sínu framtíðarheimili.

Mér finnst stjórnmalafólk almennt meira meðvitað um mikilvægi þjónustu við börn. Kannski hefur það einnig komið fram á COVID tímum þar sem fjöldun á tilkynningum til barnaverndar hefur aukist mjög – fleiri mál á borði lögreglunnar sem varða heimilisofbeldi. Og fólk virðist vera æ meðvitaðra um að

börnin þarf að grípa strax, börn geta ekki beðið. Enda geta örfáir mánuðir í lífi barns verið hlutfallslega mjög stór hluti ævi þeirra. Ef við sinnum börnum ekki strax, geta afleiðingarnar verið mjög slæmar og langvarandi, þær geta fylgt börnunum fram á fullorðinsár og valdið því að barnið verði jafnvel aldrei fyllilega virkur samfélagsþegn á fullorðins árum vegna þess sem það naut ekki stuðnings við í æsku. Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi kom einmitt inn á mikilvægi þess að börn verði ekki látin bíða í ræðu sinni um velferðarmálin áðan.

Við höfum gert fjölmargt á þessu kjörtímabili til þess að gera Reykjavík að betri borg fyrir börn. Má þar á meðal annars nefna verkefnið – Betri borg fyrir börn sem borgarfulltrúinn Skúli Helgason fór vel yfir í ræðu sinni áðan. Við höfum lagt áherslu á verkefni tengd lýðræði meðal annars verkefni Jafnréttisskólans þar sem verið að sinna jafnréttisfræðslu, forvarnarverkefnum og fræðslu um kynbundið ofbeldi, hatarsorðræðu á netinu og annað ofbeldi. Við höfum lagt mikla áherslu á lýðræðisfræðslu fyrir börn og ýtt undir lýðræðisþátttöku barna og ungmenna. Sífellt fleiri grunnskólar eru að verða Réttindaskólar UNICEF og vinna þannig eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru þónokkrir leikskólar einnig að sinna því verkefni. Þannig verða börnin og starfsfólkið allt meira meðvitað um réttindi barna. Rannsóknir á Réttindaskólum í Bretlandi og Kanada hafa sýnt jákvæðar niðurstöður fyrir börn, fullorðna og skólastjórnendur. Meira umburðarlyndi og virðing fyrir fjölbreytileika, dró úr einelti og ofbeldi. Nemendur í Réttindaskólum urðu betri í að standa vörð um eigin réttindi, t.d. rétt sinn til þátttöku. Þeir urðu auk þess færari í að láta vita þegar brotið var á rétti þeirra eða ef þau urðu fyrir misnotkun af einhverju tagi. Starfsánægja fullorðinna jókst. Aukin þátttaka barna í skipulagningu kennslu jók áhuga þeirra og hafði jákvæð áhrif á námsárangur. Börn sýndu meiri áhuga á réttindum barna í alþjóðlegu samhengi.

Það er á okkar ábyrgð að öll börn sem eiga heimili í Reykjavík fá að lifa, dafna, þroskast, leika og læra á þeirra forsendum óháð fjárhag, uppruna, kyni, kynvitund, líkamsgerð, fötlun eða öðru. Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi nefndi hér í ræðu sinni að eldra fólk eigi að fá að ráða meira yfir sínu lífi og að þjónustan sé sem betur fer að færast í þá átt. Það sama á við um börnin þau eiga rétt á að hafa áhrif á málefni er þau varða og hafa áhrif á líf sitt og umhverfi

Í Fjárhagsáætluninni undir fjölda ólíkra liða er fjármagni varið til þjónustu við börn eða annað starf eða húsnæði tengt börnum og þjónustu við þau. Börnin fá æ stærra pláss og við vinnum sífellt betur og meira eftir og með Barnasáttmálann á ýmsum sviðum borgarinnar.

Alltaf má gera betur og við erum sífellt að bæta okkur, við erum að taka stærri skref og fleiri skref. Ég vonast til þess að áður en langt um líður að við tökum stóra skrefið til að verða viðurkennt Barnvænt sveitarfélag en við höfum nú þegar tekið fjölmörg skref í þá átt. Það endurspeglast meðal annars í þeim stefnum sem við höfum sett okkur á kjörtímabilinu má þar helst nefna Lýðræðisstefnu, Lýðheilsustefnu, velferðarstefnu, menntastefnu og menningarstefnu. Í þessum stefnum eiga börnin í borginni klárlega sinn sess.

Með ákvörðunum okkar getum við haft mótandi áhrif á komandi kynslóðir. Ef við bjóðum börnum upp á þátttöku í menningarviðburðum, bjóðum upp á barnamenningu, bjóðum þeim í menningarhúsin okkar og söfn er líklegra að þau komi til með að nýta sér það sem er í boði og njóta frekar lista og menningar þegar þau verða fullorðin en ella.

Hér um daginn barst í tal um hvernig við fáum fólk til að nota menningarkortin meira – og að sumt fólk kannski áttaði sig ekki á þeim menningarauði sem felst í söfnum okkar og menningarhúsum. Þar er barnastarfið eitt mikilvægasta verkfærið til að ala upp nýja notendur og njótendur lista og menningar. Og hefur barnamenningarstarf eflst mjög á síðustu árum og það á að efla það enn frekar.

Að lokum vil ég brýna nýja ríkisstjórn til að standa betur með börnunum í Reykjavík, endurskoða úthlutunir úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga meðal annars er varðar skólaþjónustu við börn með annað móðurmál en íslensku en þá þarf ríkið ekki síst að koma til og styðja við sveitarfélögin þegar kemur að þjónustu við fatlað fólk og börn með miklar þjónustufarir. Mér finnst stundum eins og Reykjavíkurborg sé höfð algjörlega útundan þegar kemur að úthlutun fjármuna til sveitarfélaga – af hálfu ríkisstjórnarinnar og þar með börn borgarinnar. Ríkisstjórnin ætti kannski að taka upp slagorðið – enginn skal skilinn eftir – og kannski reyna að fylgja því.

Þá vil ég nota tækifærið til að þakka samstarfsfólki mínu í fagráðum og borgarstjórn og starfsfólki borgarinnar ásamt starfsfólki sviðanna og fjármálaskrifstofu sem bar hitann og þungan af gerð fjárhagsáætlunarinnar.

Aftur vil ég segja,

að það er á okkar ábyrgð að taka ákvarðanir sem geta stuðlað að því að sem flest vilji gera Reykjavíkurborg að sínu heimili.

Áratugur Reykjavíkur er svo sannarlega hafinn og þar með áratugur barnanna í Reykjavík.